

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 22. september 2008  
Tilvísun: UST20080800045/áb

### **Tillaga að matsáætlun fyrir efnistöku í Bolaöldum í Ölfusi.**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 13. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að mátsáætlun vegna efnistöku Bolaöldu ehf. í Bolaöldum í Ölfusi. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við matsáætlunina.

Bolaöldur ehf. eru þegar byrjaðir á efnistöku á því landssvæði sem er tilefni þessarar tillögu að matsáætlun. Svæðið er útskot frá eldra námusvæði sem var áður notað til efnistöku. Umtalsverð efnistaka hefur þegar átt sér stað á nýja svæðinu og er verið að nota eldra námusvæðið fyrir haugsetningu.

Í eldri námu var efni sótt fullmikið inn í hlíðar Vífilfells, þannig að naman er vel sýnileg frá Suðurlandsvegi. Sú náma er að mestu leyti ófrágengin. Það er lofsvert að núverandi haugsetning virðist miðuð að því að laga þessi sár í hlíðum Vífilfells. Við frekari námuframkvæmdir væri æskilegt að halda efnistöku í Vífilfelli neðan við sjónlínu séð frá Suðurlandsvegi.

Það er mikilvægt að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir hvernig frekari frágangi á námunni verði hagað í tengslum við haugsetningu efnis. Leggja ber sérstaka áherslu á að laga hlíðar Vífilfells þannig að námusár verði vart sýnileg frá Suðurlandsvegi. Einnig er mikilvægt að gróft efni (bögglaberg) verði efsta lagið í haugsetningunni, til að líkja eftir óröskuðum hlíðum fjallsins. Fyrir utan jákvæð sjónræn áhrif þá mun það hindra hugsanlegt fok lausari jarðefna. Í frummatsskýrslu er nauðsynlegt að hafa myndir með tilgreindum sjónarhornum, ásamt tölvugerðum myndum til að sýna endanlegt útlit/ásýnd námusvæðisins.

Hafa ber kafla VI laga nr. 44/1999 um nátturuvernd til hliðsjónar, sem fjallar um efnistöku, ekki kafla IV.

Að öðru leyti þá tekur Umhverfisstofnun undir fyrri athugasemdir að drögum að matsáætlun. Beðið er um frekari upplýsingar varðandi áhrif námuvinnslu á aðliggjandi

vatnsverndarsvæði, og ráðstafanir til að fyrirbyggja mengunarslys á svæðinu.

Virðingarfyllst  
Ásgeir Björnsson  
Sérfræðingur

Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri